

Jól í bæ

Viðburðadagatal

29. nóvember 2026 – 6. janúar 2027

Hveragerðisbær

Jólakveðja bæjarstjóra

Kæru Hvergerðingar,

Á aðventunni fyllist Hveragerði af lífi, samveru og fjölbreyttum viðburðum sem bera vitni um þann kraft sem býr í samfélaginu okkar. Ég vil færa fyrirtækjum, stofnunum, félagasamtökum og öllum þeim fjölmörgu einstaklingum sem leggja sitt framlag til dagskrárinnar innilegar þakkir. Með sameiginlegu framlagi allra þessara aðila verður til notaleg stemning og dýrmæt tækifæri fyrir okkur öll til að njóta samveru á þessum einstaka tíma árs.

Aðventan er líka góður tími til að líta um öxl. Á afmælisári Hveragerðisbæjar höfum við komið saman á fjölbreyttum viðburðum, fagnað sögu bæjarins og horft bjartsýn fram á veginn. Ég vil þakka ykkur öllum fyrir þátttökuna og þann samhug sem hefur einkennt samfélagið okkar á árinu.

Ég hvet bæjarbúa til að kynna sér dagskrána, mæta á viðburðina og njóta þess sem samfélagið okkar hefur upp á að bjóða. Um leið óska ég ykkur öllum gleðilegrar aðventu, gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Ingimar Guðmundsson

Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

Hveragerði

1946 80 ára 2026

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

29. nóvember 2026 – sunnudagur

kl. 10:00 - 17:30

Kósýdagur í Sundlauginni Laugaskarði

Notaleg aðventustemning í Sundlauginni Laugaskarði þar sem laugin verður sérstaklega hlý og ljúfir jólatónar hljóma. Boðið verður upp á heitt kakó og piparkökur, auk salts og notalegs ilms í gufunni. Tilvalið að slaka á og njóta jólastemningarinnar í lauginni.

kl. 17:00

Kveikt á jólatrénu í Lystigarðinum Fossflöt

Hátíðleg jólastemning í Lystigarðinum Fossflöt þegar ljósin verða tendruð á jólatrénu. Flutt verður ávarp, Barna- og unglingakór Hveragerðiskirkju syngur jólalög og jólasveinarnir kíkja í heimsókn.

kl. 20:00

Aðventutónleikar í Hveragerðiskirkju

Árlegir aðventutónleikar þar sem Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna, Hverafuglar, kór Félags eldri borgara í Hveragerði og Guðný Guðmundsdóttir einsöngvari koma fram.
Sigríður Hjálmarsdóttir, menningar-, atvinnu- og markaðsfulltrúi Hveragerðisbæjar, flytur hugvekju og skátarnir koma með friðarljósið frá Betlehem.

Í desember

Jólatilboð hjá N1 Hveragerði

Komdu við hjá N1 í Hveragerði og njóttu jólalegra tilboða í aðdraganda jólanna. Boðið verður upp á hamborgarhryggspylsu með Malti og appelsíni á 895 kr. og kaffi og kanilsnúð á 699 kr. Jólasælgæti verður einnig á flottu tilboðsverði.
Tímabil: 29.11.2026–23.12.2026.

Í desember

Jólaföndur á bókasafninu fram að jólum

Boðið verður upp á jólaföndur fyrir börn og fullorðna á bókasafninu fram að jólum. Eitthvað nýtt og spennandi verður á föndurborðinu í hverri viku.

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

1. desember 2026 – þriðjudagur

kl. 20:00

Söngsveit Hveragerðis syngur á Heilsustofnun NLFÍ

Söngsveit Hveragerðis kemur fram á Heilsustofnun NLFÍ og syngur jólalög í notalegri aðventustemningu.

Í desember

Jólastemning og hreindýraborgari á Hofland Eatery

Hofland Eatery býður gestum sínum upp á piparkökur og mandarínur í desember fram að jólum. Einnig verður 15% afsláttur af hreindýraborgaranum á sama tímabili. Tilvalið að njóta góðs matar og notalegrar jólastemningar.
Tímabil: 01.12.2026–23.12.2026.

Í desember

Innpökkunarstöð á bókasafninu

Boðið verður upp á innpökkunarstöð á bókasafninu í desember þar sem gestir og gangandi geta pakkað inn jólagjöfum. Tekið er við jólapappír, gjafapokum, borðum og pakkaskrauti sem hægt er að nýta við innpökkun.

2. desember 2026 – miðvikudagur

kl. 15:00

Aðventustund í Þorlákssetri

Félag eldri borgara Hveragerði býður 60 ára og eldri í Hveragerði í notalega aðventustund í Þorlákssetri. Boðið verður upp á kaffi og kruðerí í hlýlegri aðventustemningu. Aðgangur er ókeypis.

kl. 20:00

Jólabingó Hollvina á Heilsustofnun NLFÍ

Öll eru hjartanlega velkomin á jólabingó Hollvina í matsalnum á Heilsustofnun NLFÍ. Komið og eigið skemmtilega kvöldstund í góðum félagsskap.

kl. 20:00

Tónheilun hjá Sonju í Hugarhlýju

Tónheilun hjá Sonju í Hugarhlýju. Notaleg stund til að slaka á og finna ró í aðdraganda jólanna.

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

3. desember 2026 – fimmtudagur

kl. 13:30 - 17:00

Jólaafsláttur hjá Bobby's garnbúð

Komdu í jólaskap hjá Bobby's garnbúð. Boðið verður upp á 15% jólaafslátt af öllum vörum í versluninni, að undanskildum töskum og lopa.

kl. 17:00

Opinn tími í stólaleikfimi í Þorlákssetri

Félag eldri borgara Hveragerði býður 60 ára og eldri í Hveragerði í opinn stólaleikfimistíma í Þorlákssetri. Þátttaka er ókeypis en skráning nauðsynleg. Skráningarblöð liggja frammi í Þorlákssetri og Hamarsport. Nánari upplýsingar veitir Rakel Hlynsdóttir, þjálfari.

kl. 6:45 - 21:30

Hamarsund í Laugaskarði

Íþróttafélagið Hamar býður upp á notalega kvöldstund í Sundlauginni í Laugaskarði þar sem kertaljós, tónlist og jólastemning setja svip sinn á sundferðina. Frítt í sund fyrir alla. Opið til kl. 21:30.

kl. 18:00

Kakó og kósý í Blómaborg

Kakó og Kósý í Blómaborg frá kl 18.00 - 21.00.

4. desember 2026 – föstudagur

kl. 13:30 - 17:00

Afsláttur hjá Bobby's garnbúð

Komdu í jólaskap hjá Bobby's garnbúð. Boðið verður upp á 15% jólaafslátt af öllum vörum í versluninni, að undanskildum töskum og lopa.

kl. 21:00

Lifandi tónlist í Gróðurhúsinu

Gróðurhúsið fagnar 5 ára afmæli með lifandi tónlist og sérstökum tilboðum á barnum. Komdu og njóttu skemmtilegrar afmælisstemningar í Gróðurhúsinu.

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

4. desember 2026 – föstudagur · framhald

kl. 19:00

Jólatónleikar Jórukórsins

Jórukórinn býður til líflegra og skemmtilegra jólatónleika þar sem jólalög, fjörug sönglög og jafnvel smá kúrekastemning blandast saman á óvæntan hátt. Komdu og njóttu notalegrar stundar með söng, gleði og góðri skemmtun í Hveragerðiskirkju. Miðaverð: Almennt 4.900 kr., börn 7–12 ára 1.500 kr. og frítt fyrir börn 6 ára og yngri. Miðasala: www.midix.is

5. desember 2026 – laugardagur

kl. 10:30 - 12:30

Jólagleði hjá D-listanum

Jólagleði hjá D-listanum í Hveragerði. Notaleg jólastemning í Mánamörk 1. Allir eru hjartanlega velkomnir.

kl. 12:30 - 15:30

Jólaafsláttur hjá Bobby's garnbúð

Komdu í jólaskap hjá Bobby's garnbúð. Boðið verður upp á 15% jólaafslátt af öllum vörum í versluninni, að undanskildum töskum og lopa.

kl. 20:00

Hvergerðingar syngja inn jólin í Skyrgerðinni

Söngvarar úr Hveragerði koma saman og syngja nokkur lög við undirleik hljómsveitar sem skipuð er Eyvindi Sveini Lárussyni, Ívari Degi B. Sævarssyni, Hákoni Kára Einarssyni, Skúla Gíslasyni og Matthíasi Hlífari Mogensen. Söngvarar kvöldsins: Unnur Birna, Dagný Halla, Gísli Freyr, Arnar Gísli, Rakel Magg, Hákon & Ívar og fleiri. Húsið opnar kl. 19:00. Miðaverð: 5.995 kr. Takmarkaður fjöldi miða í boði.
Miðasala: valsheidin@gmail.com

kl. 21:00

Afmælisbingó í Gróðurhúsinu

Í tilefni 5 ára afmælis Gróðurhússins mæta Helgi Jean Claessen og Hjálmar Örn Jóhannsson og halda skemmtilegt afmælisbingó. Gestir fá bingóspjald með kaupum á drykk á Kokteilstofu Kormáks og Skjaldar. Flottir vinningar verða í boði og góð tilboð á barnum.

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

6. desember 2026 – sunnudagur

kl. 10:00 - 17:30

Kósýdagur í Sundlauginni Laugaskarði

Notaleg aðventustemning í Sundlauginni Laugaskarði þar sem laugin verður sérstaklega hlý og ljúfir jólatónar hljóma. Boðið verður upp á heitt kakó og piparkökur, auk salts og notalegs ilms í gufunni. Tilvalið að slaka á og njóta jólastemningarinnar í lauginni.

kl. 11:00

Jólastund barnanna í Hveragerðiskirkju

Notaleg jólastund fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Dansað verður í kringum jólatréð, jólasveinarnir koma í heimsókn og Barna- og unglingakór Hveragerðiskirkju syngur.

kl. 13:00

Jólapeysusmiðja með Ýrúarí - Listasafn Árnesinga

Fjölskylduvæn og skapandi smiðja þar sem peysur og aðrar prjónaðar flíkur öðlast nýtt líf og jólalegt útlit. Þátttakendur eru hvattir til að koma með eigin flík til að skreyta, en ýmiss konar efniviður verður einnig á staðnum. Börn yngri en 10 ára þurfa að vera í fylgd með fullorðnum. Ókeypis þátttaka en takmarkað pláss. Skráning nauðsynleg á fraedsla@listasafnarnesinga.is

kl. 14:00

Leiðsögn með Sigríði Melrós Ólafsdóttur: Þar sem landið hefst - Listasafn Árnesinga

Leiðsögn um sýninguna Þar sem landið hefst, sem byggir á verkum úr safneign Listasafns Árnesinga. Sýningin fjallar um upplifun okkar af landslaginu og samband mannsins við náttúruna. Ókeypis viðburður og öll velkomin.

kl. 14:00

Kaffihlaðborð á Rósakaffi

Komdu og njóttu notalegrar aðventustundar yfir ljúffengu kaffihlaðborði hjá Rósakaffi að Breiðumörk 3.
Mælt er með að bóka borð með skilaboðum á Facebook eða í síma 483 3301 á opnunartíma.

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

6. desember 2026 – sunnudagur · framhald

kl. 15:00

„Í leit að því sem er“ – bókakynning með Sigurði Skúlasyni í Hugarhlýju

Sigurður Skúlason leikari kynnir nýja bók sína, „Í leit að því sem er“, og les upp úr henni fyrir gesti Hugarhlýju. Boðið verður upp á heitt súkkulaði með rjóma og piparkökur.

kl. 20:00

Jólatónleikar Söngsveitar Hveragerðis ásamt gestum í Hveragerðiskirkju

Söngsveit Hveragerðis býður upp á hátíðlega jólatónleika ásamt gestum í Hveragerðiskirkju. Miðaverð er 4.500 kr. en frítt fyrir börn 12 ára og yngri. Ekki verður posi á staðnum en hægt er að millifæra. Boðið verður upp á kakó og smákökur eftir tónleikana.

8. desember 2026 – þriðjudagur

kl. 16:00

Afmælisfögnuður í Gróðurhúsinu

Gróðurhúsið fagnar 5 ára afmæli og býður Hvergerðingum og gestum í kaffi og afmælisköku. Einnig verða í boði spennandi afmælistilboð sem tilvalið er að nýta við kaup á jólagjöfum.

9. desember 2026 – miðvikudagur

kl. 15:00

Jólahittingur í Þorlákssetri

Félag eldri borgara Hveragerði býður 60 ára og eldri í Hveragerði í notalegan jólahitting í Þorlákssetri. Boðið verður upp á piparkökur, kaffi og notalegt spjall. Aðgangur er ókeypis.

kl. 16:30 -17:30

Piparkökuskreytingar hjá Almari bakara

Almar bakari býður bæjarbúum að koma og skreyta piparkökur í bakaríinu í Sunnumörk 2. Notaleg jólastemning fyrir alla fjölskylduna og hver veit nema jólasveinninn kíki í heimsókn. Aðgangur er ókeypis og engin skráning er á viðburðinn.

kl. 20:00

Opin æfing Karlakórs Hveragerðis

Karlakór Hveragerðis býður upp á opna æfingu með fjölbreyttu efni og jólaívafi í kapellunni við Heilsustofnun NLFÍ.

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

10. desember 2026 – fimmtudagur

kl. 20:00

Slökun í hengirúmi og cacaobolli í Hugarhlýju

Gefðu þér stund til að slaka á í miðri jólaösinni. Boðið verður upp á slökun í hengirúmi og cacaobolla í Hugarhlýju.

kl. 20:00

Skáldahóf á bókasafninu

Fimmtudaginn 10. desember kl. 20 ætlum við að eiga notalega kvöldstund á bókasafninu. Rithöfundarnir Guðrún Eva Mínervudóttir, Katrín Jakobsdóttir, Nanna Rögnvaldardóttir og Sigmundur Ernir Rúnarsson lesa úr nýútkomnum bókum. Eyvindur Sveinn Lárusson leikur á gítar og Ljósmyndahópurinn HVER mun kynna sýninguna sína. Boðið verður upp á kaffi og piparkökur.

12. desember 2026 – laugardagur

kl. 10:00 - 16:00

Jólamarkaður í Blómaborg

Hinn árlegi Jólamarkaður Blómaborgar.

Laugardag og sunnudag

Jólaálfaratleikur í Kjörís landi

Kjörísland býður börnum og fjölskyldum í skemmtilegan jólaálfaratleik. Jólaálfar hafa falið sig á svæðinu og geyma stafi sem þátttakendur þurfa að finna og raða saman í orð. Einnig verður boðið upp á smakk af heitu kakói.
Tilvalin fjölskylduskemmtun í jólalegri stemningu.

13. desember 2026 – sunnudagur

kl. 10:00 - 17:30

Kósýdagur í Sundlauginni Laugaskarði

Notaleg aðventustemning í Sundlauginni Laugaskarði þar sem laugin verður sérstaklega hlý og ljúfir jólatónar hljóma. Boðið verður upp á heitt kakó og piparkökur, auk salts og notalegs ilms í gufunni. Tilvalið að slaka á og njóta jólastemningarinnar í lauginni.

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

13. desember 2026 – sunnudagur · framhald

kl. 13:00

Jólabasar Karlakórs Hveragerðis í Hugarhlýju

Karlakór Hveragerðis stendur fyrir jólabasar í Hugarhlýju þar sem ýmislegt verður á boðstólum, meðal annars handavinna, fataslá, eitthvað gott að næra sig á og fleira skemmtilegt.

kl. 20:00

Tónleikar í Blómaborg

Tónleikar með Jónasi Sig ásamt Adda & Guðna. Einstakir, kraftmiklir, einlægir og hugvekjandi í senn. Kærkomið tækifæri að eiga töfrastund á aðventunni. Miðaverð 4900.- kr.

14. desember 2026 – mánudagur

14. - 23. desember
kl. 09:00 - 16:00

Hveragarðurinn býður bæjarbúum í heimsókn

Hveragarðurinn býður bæjarbúum í heimsókn í Hveragarðinn frá 14.–23. desember. Komið og sjáið garðinn í vetrarbúningi sínum. Goshverinn Eylífur gýs reglulega og hægt að sjóða egg í stóra pottinum og smakka brauðið sem við bökum í gufunni.
Opið alla virka daga og helgar frá kl. 09:00–16:00.
Sími 4835062 / 4834601.
Einnig bjóðum við bæjarbúum að koma og baka rúgbrauðið sitt hjá okkur í gufupottinum.
Upplagt fyrir skötuveislu fjölskyldunnar.
Hverabrauð.
6 bollar rúgmjöl, 3 bollar heilhveiti, 5 tsk natron, 3 tsk salt, 7 bollar AB mjólk, 700 gr sýróp.
Fyllið fernur að þremur fjórðu. Þessi uppskrift dugar í 5 fernur.
Baka á hálfan sólahring hjá okkur í gufupottinum.

kl. 15:00

Jólaprjónakaffi á bókasafninu

Prjónakaffi með jólaívafi á bókasafninu í Hveragerði.
Heitt verður á könnunni og öll velkomin.

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

15. desember 2026 – þriðjudagur

kl. 16:30

Jóla-náttfatasögustund á bókasafninu

Notaleg sögustund á bókasafninu fyrir börn á aldrinum 3–7 ára. Börnin mega mæta í náttfötum og taka með sér bangsa. Lesin verður jólasaga í notalegri aðventustemningu.

kl. 19:00 - 21:00

Pakkamóttaka jólasveinanna hjá Leikfélagi Hveragerðis

Jólasveinarnir taka á móti jólapökkum hjá Leikfélagi Hveragerðis að Austurmörk 23. Þjónustan kostar 1.000 kr. á pakka og posi verður á staðnum. Pakkar mega ekki vera stærri en skókassi. Einnig verður boðið upp á innpökkun fyrir 500 kr. á pakka. Athugið að aðeins verður tekið á móti pökkum 15. og 17. desember.

kl. 19:30

Jólastyrktartónleikar SLYSH – til styrktar Einstökum börnum

Hljómsveitin SLYSH tjaldar öllu til þriðja árið í röð og heldur jólastyrktartónleika á Hótel Örk. Allur ágóði rennur til Einstakra barna, sem styðja börn með sjaldgæfa sjúkdóma og fjölskyldur þeirra. Ásamt SLYSH koma fram Daníel Ágúst, Svala Björgvins, Hreimur, Kór SLYSH, Hallgrímur Daðason og mögulega fleiri. Jólaskemmtun fyrir allan aldur. Húsið opnar kl. 19:00. Miðaverð: Almennur miði 4.490 kr., barnamiði 2.490 kr. og styrktarmiði 6.990 kr. Miðasala: https://stubb.is/events/b73aXb

16. desember 2026 – miðvikudagur

Jólaopnun í Flóru garðyrkjustöð

Flóra garðyrkjustöð opnar dyrnar í tilefni jólanna og býður upp á fjölbreytt úrval af jólablómum og skreytingum. Tilvalið tækifæri til að koma við og finna eitthvað fallegt fyrir heimilið eða í jólagjöf.

kl. 20:00

Tónheilun hjá Sonju í Hugarhlýju

Tónheilun hjá Sonju í Hugarhlýju. Notaleg stund til að slaka á og finna ró í aðdraganda jólanna.

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

17. desember 2026 – fimmtudagur

kl. 19:00 - 21:00

Pakkamóttaka jólasveinanna hjá Leikfélagi Hveragerðis

Jólasveinarnir taka á móti jólapökkum hjá Leikfélagi Hveragerðis að Austurmörk 23. Þjónustan kostar 1.000 kr. á pakka og posi verður á staðnum. Pakkar mega ekki vera stærri en skókassi. Einnig verður boðið upp á innpökkun fyrir 500 kr. á pakka. Athugið að aðeins verður tekið á móti pökkum 15. og 17. desember.

18. desember 2026 – föstudagur

kl. 13:00 - 15:00

Aðventukaffi Valborgar fasteignasölu

Valborg fasteignasala býður í notalegt aðventukaffi á skrifstofu sinni að Austurmörk 4. Boðið verður upp á gómsætar vöfflur og ristaðar jólamöndlur í hlýlegri jólastemningu. Öll velkomin. Aðgangur er ókeypis og engin skráning.

kl. 20:00

Föstudagsflæði í Blómaborg

Einstakt tækifæri að upplifa spuna í núinu.
Hvað gerist þegar fjórir tónlistarmenn hittast og tengjast í opnu flæði? Það kemur í ljós 18. desember. Einstakt tækifæri að upplifa galdur sem verður að upplifa á staðnum.
Ekkert ákveðið. Bara núvitund og flæði í augnablikinu.

- Hálfdán Árnason - Bassi
- Jónas Sigurðsson - Trommur
- Birkir Rrafn Gíslason - Gítar
- Óskar Logi Ágústsson - Gítar

19. desember 2026 – laugardagur

kl. 20:00

Hildur Vala – Rétt fyrir jólin hjá Blómaborg

Hildur Vala syngur m.a. lög af nýrri jólaplötu sem kallast Rétt fyrir jólin en hún inniheldur þekkt og minna þekkt jólalög í einföldum útsetningum. Með henni verða m.a. Jón Ólafsson og synirnir Kári Kolbeinn og Jökull Jónssynir. Miðaverð 4900.- kr.

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hverageröisbæjar 2026

20. desember 2026 – sunnudagur

kl. 10:00 - 17:30

Kósýdagur í Sundlauginni Laugaskarði

Notaleg aðventustemning í Sundlauginni Laugaskarði þar sem laugin verður sérstaklega hlý og ljúfir jólatónar hljóma. Boðið verður upp á heitt kakó og piparkökur, auk salts og notalegs ilms í gufunni. Tilvalið að slaka á og njóta jólastemningarinnar í lauginni.

---

kl. 14:00 - 17:00

Hljóðheilun – Slökun á aðventunni - Listasafn Árnesinga

Þórey Rún spilar á kristalsöngskálar og fleiri hljóðfæri þar sem ljúfir tónar skapa notalega og endurnærandi slökunarstund fyrir líkama og sál. Gestir geta setið í stól eða lagst á dýnu með kodda og teppi sem verða á staðnum. Frjálst flæði er á viðburðinn á auglýstum tíma og aðgangur er ókeypis.

---

kl. 20:00

Jólatónleikar Sveinbjörns Hafsteinssonar í Blómaborg

Sveinbjörn Hafsteinsson mun syngja sín uppáhalds jólalög og sálma á hugljúfri stund í Blómaborg sunnudagskvöldið 20. des kl 20:00. Sálmar, dægurlög, vísur og þulur tengdar jólunum munu óma þar sem Sveinbjörn mun flytja útgáfur af hinum ýmsu jólalögum á sinn einstaka og einlæga hátt rétt áður en hátíðarnar renna í hlað.

21. desember 2026 – mánudagur

kl. 20:00

Aðventuhugleiðsla – kyrrðar- og heilunarkvöld í Hugarhlýju

Kyrrðar- og heilunarkvöld með jólahugleiðslu í Hugarhlýju. Tækifæri til að staldra við og njóta kyrrðar í aðdraganda jólanna.

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

22. desember 2026 – þriðjudagur

kl. 18:00

Reykjaböð, Jólagusa

Reykjaböð halda Jólagusu þar sem jólastemningin verður í fyrirrúmi. Bóka þarf aðgang fyrir fram til að tryggja pláss, sérkjör í boði.

23. desember 2026 – miðvikudagur - Þorláksmessa

kl. 11:00 - 14:00

Skötuveisla á Hótel Örk

Skötuveisla Hamars og Hótel Arkar á þorláksmessu.

24. desember 2026 – fimmtudagur - Aðfangadagur

Jólasveinarnir á ferðinni í Hveragerði

Jólasveinarnir verða á ferðinni um Hveragerði á aðfangadag í samstarfi við Leikfélag Hveragerðis. Jólasveinarnir færa börnum jólapakka sem hefur verið komið til þeirra í pakkamóttökunni 15. og 17. desember.

kl. 13:00

Helgistund í Kotstrandarkirkju

Unnur Birna Björnsdóttir leiðir tónlistina, séra Salvar Geir Guðgeirsson leiðir stundina og skátarnir koma með friðarljósið frá Betlehem

kl. 18:00

Aftansöngur í Hveragerðiskirku

Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna leiðir söng undir stjórn Miklós Dalmay. Séra Salvar Geir Guðgeirsson þjónar fyrir altari.

25. desember 2026 – föstudagur - Jóladagur

kl. 14:00

Hátíðarguðsþjónusta í Kotstrandarkirkju

Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna leiðir söng undir stjórn Miklós Dalmay. Séra Salvar Geir Guðgeirsson þjónar fyrir altari.

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

26. desember 2026 – laugardagur

kl. 13:00 - 15:00

Jólaball Lionsklúbbs Hveragerðis og Lionsklúbbsins Eden

Lionsklúbbarnir bjóða upp á skemmtilegt jólaball á Hótel Örk. Lionshljómsveitin heldur uppi fjörinu og jólasveinarnir mæta með glaðning fyrir börnin. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti. Notaleg jólaskemmtun fyrir alla fjölskylduna.
Aðgangur er ókeypis, en tekið verður á móti frjálsum framlögum í hjálparsjóð Lionsklúbbanna sem nýttur er til að styðja við nærumhverfið.

30. desember 2026 – miðvikudagur

kl. 20:00

Kyrrðar- og heilunarkvöld – tökum á móti nýju ári

Kyrrðar- og heilunarkvöld í Hugarhlýju þar sem tekið verður á móti nýju ári.

31. desember 2026 – fimmtudagur - Gamlársdagur

kl. 11:00

Opnaðu fyrir þinn innri kraft inn í nýtt ár

Jóndís og Sonja leiða 90 mínútna stund með sjakradansi og tónheilun í Hugarhlýju. Tækifæri til að staldra við, finna innri kraft og taka á móti nýju ári.

kl. 17:00

Aftansöngur í Hveragerðiskirkju

Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna leiðir söng undir stjórn Miklós Dalmay. Séra Salvar Geir Guðgeirsson þjónar fyrir altari.

kl. 20:30

Áramótabrenna og flugeldasýning

Áramótabrenna verður haldin við Breiðumörk ofan Grýluvallar og boðið verður upp á flugeldasýningu. Hveragerðisbær býður bæjarbúum og gestum að koma saman og kveðja gamla árið.

6. janúar 2027 – miðvikudagur - Þrettándinn

kl. 17:00

Kjör íþróttamanns Hveragerðis 2026

Kjör íþróttamanns Hveragerðis 2026 fer fram í Listasafni Árnesinga.

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

Flugeldasala · Hjálparsveit skáta í Hveragerði

Styðjum hjálparsveitina og mikilvægt sjálfboðaliðastarf hennar.

28. desember 2026 · kl. 10:00–22:00

29. desember 2026 · kl. 10:00–22:00

30. desember 2026 · kl. 10:00–22:00

31. desember 2026 · kl. 10:00–16:00

5. janúar 2027 · kl. 17:00–21:00

6. janúar 2027 · kl. 17:00–21:00



Sölustaður: Austurmörk 9, Hveragerði



Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

Leik- og grunnskólar Hveragerðisbæjar

30. nóv. kl. 09:35	**Gangasöngur yngsta stigs í Grunnskólanum í Hveragerði** Heiðursgestir eru skólahópur frá Undralandi.
1. des.	**Pakkaskil í Grunnskólanum í Hveragerði** Pakkaskil. Verð: 800 kr.
2. des. kl. 09:35	**Gangasöngur miðstigs í Grunnskólanum í Hveragerði** Heiðursgestir eru skólahópur frá Óskalandi.
3. des. kl. 08:30	**Íþróttahátíð elsta stigs í Grunnskólanum í Hveragerði** Íþróttahátíð elsta stigs grunnskólans.
4. des. kl. 11:00	**Gangasöngur elsta stigs í Grunnskólanum í Hveragerði**
4. des.	**Vasaljósafriðarganga og skógarsöngur í Grunnskólanum í Hveragerði**
7. des.	**6. bekkir sækja jólatré** Nemendur 6. bekkjar grunnskólans sækja jólatré.
7. des.	**Opið hús TÁ í Grunnskólanum í Hveragerði** Nemendur Tónlistarskóla Árnesinga spila fyrir aðra nemendur og bekkjarfélaga sína.
8. des. kl. 09:35	**Gangasöngur elsta stigs og vinabekkja í Grunnskólanum í Hveragerði**
8. des. kl. 17:00	**Piparkökuskreytingakvöld í Grunnskólanum í Hveragerði** Foreldrafélag Grunnskólans í Hveragerði býður foreldrum grunnskólabarna og fjölskyldum þeirra á piparkökuskreytingakvöld í grunnskólanum. Notaleg samverustund þar sem fjölskyldur skreyta piparkökur í jólalegri stemningu.
10. des. kl. 09:35	**Gangasöngur yngsta og miðstigs í Grunnskólanum í Hveragerði**
11. des. fyrir hádegi	**Jólaball Óskalands** Jólaball í leikskólanum Óskalandi.

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

Leik- og grunnskólar Hveragerðisbæjar

11. des. fyrir hádegi
Jólaball Undralands
Jólaball í leikskólanum Undralandi.

11. des.
Jólapeysudagur í Grunnskólanum í Hveragerði
Viðurkenningar verða veittar fyrir best skreyttu hurðina.

14. des. kl. 09:35
Gangasöngur í Grunnskólanum í Hveragerði
Gangasöngur fyrir alla í grunnskólanum. Allir saman á æfingu fyrir 16. desember.

16. des. kl. 11:00
Opinn gangasöngur og afhending til Umhyggju
Opinn gangasöngur og afhending afraksturs góðgerðarþema til Umhyggju.

17. des. kl. 10:00
Litlu jólin – yngsta stig í Grunnskólanum í Hveragerði
Litlu jólin hjá yngsta stigi, kl. 10:00–11:30.

17. des. kl. 13:00
Litlu jólin – mið- og elsta stig í Grunnskólanum í Hveragerði
Litlu jólin hjá mið- og elsta stigi, kl. 13:00–14:30.

17. des.
Leiksýningin „Jólakötturinn“
Foreldrafélagið býður upp á leiksýninguna „Jólakötturinn“ í leikskólunum Óskalandi og Undralandi.

18. des.
Kertadagur í Grunnskólanum í Hveragerði
Kertadagur.

Frístundamiðstöðin Bungubrekka

1. des. kl. 16:30 og 19:30
Jólakortaföndur
Komdu og föndraðu falleg jólakort í notalegu umhverfi þar sem jólatónlistin fær að hljóma.
5.–7. bekkur kl. 16:30–18:00 · 8.–10. bekkur kl. 19:30–21:45

10. des. kl. 16:30 og 19:30
Jólabíó
Notalegt bíókvöld þar sem jólamyndin „Elf“ verður sýnd. Tilvalið að koma sér í jólaskap með skemmtilegri mynd og góðri stemningu.
5.–7. bekkur kl. 16:30–18:00 · 8.–10. bekkur kl. 19:30–21:45

17. des. kl. 16:30 og 19:30
Jólakósý
Notaleg jólastund þar sem krakkarnir geta slakað á, notið samverunnar og komið sér í jólaskap rétt fyrir hátíðarnar.
5.–7. bekkur kl. 16:30–18:00 · 8.–10. bekkur kl. 19:30–21:45

Jól í bæ

VIÐBURÐADAGATAL
Hveragerðisbæjar 2026

Byggðasafn Árnesinga · Eyrarbakki

29. nóvember
kl. 13:00 - 17:00

Jólasýning Byggðasafns Árnesinga

Jólasveinaratleikur verður einnig í boði. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

---

29. nóvember
kl. 14:00

Jólatónlist í Húsinu á Eyrarbakka

Systurnar Agnes og Jóhanna Ragnarsdætur flytja hugljúf jólalög við undirleik Eyjólfs Eyjólfssonar. Dagskráin hefst kl. 14:00. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

---

29. nóvember
kl. 15:00

Skáldastund í Húsinu á Eyrarbakka

Rithöfundar lesa úr nýútkomnum verkum sínum. Þeir höfundar sem heimsækja Húsið í ár eru Steinunn Sigurðardóttir, Katrín Jakobsdóttir, Hildur Knútsdóttir og Sverrir Jakobsson. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

---

6. desember
kl. 13:00 - 17:00

Jólasýning Byggðasafns Árnesinga

Jólasveinaratleikur verður einnig í boði. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

---

6. desember

Jólastund í Húsinu á Eyrarbakka

Boðið verður upp á jólaföndur og Björgvin Tómasson mætir með Lírukassann. Jólasveinaratleikur verður í boði og Unglingakór Selfosskirkju syngur undir stjórn Editar Molnár. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

---

13. desember
kl. 13:00-17:00

Jólasýning Byggðasafns Árnesinga

Jólasveinaratleikur verður einnig í boði. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

---

13. desember

Kyrrð og samvera í Húsinu á Eyrarbakka

Njóttu rólegrar aðventustundar með jólaföndri, piparkökum og notalegri samveru í Húsinu á Eyrarbakka. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

HVERAGERÐISBÆR ÓSKAR YKKUR



Gleðilegra jóla

og farsæls komandi árs

Þökkum öllum sem leggja sitt af mörkum
til að skapa notalega og hátíðlega stemningu
í bænum á aðventunni.



Viðburðir í dagskránni eru á vegum þeirra aðila sem standa að þeim.
Hver viðburðarhaldari ber ábyrgð á framkvæmd síns viðburðar, nema annað sé sérstaklega tekið fram.